REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 666/2020 um opinbera skrá yfir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Í endurskoðendaskrána er jafnframt heimilt að skrá, sem endurskoðanda frá þriðja ríki, endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki frá þriðja ríki sem endurskoða ársreikninga og samstæðureikninga lögaðila sem stofnaður er utan Evrópska efnahagssvæðisins og hefur framseljanleg verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði hér á landi, enda séu kröfur til lögboðinnar endurskoðunar og kröfur til þeirra sem annast endurskoðunina í viðkomandi þriðja ríki jafngildar þeim kröfum sem leiða af íslenskum rétti.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skrá yfir endurskoðendur frá þriðja ríki skal innihalda upplýsingar samkvæmt 1. tölul. og 3.-8. tölul. 1. mgr. um endurskoðendur frá þriðja ríki.

3. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skrá yfir endurskoðendur frá þriðja ríki skal innihalda upplýsingar samkvæmt 1. tölul. og 3.-13. tölul. 1. mgr. um endurskoðunarfyrirtæki frá þriðja ríki.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 28. október 2026.

F. h. r.
Kolbeinn Árnason.

Ingvi Már Pálsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. október 2026